

## Nd. 416. Frumvarp til laga

um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

### 1. gr.

Ríkið heldur uppi heimavistar-skóla, er hefur það hlutverk að veita konum fræðslu til að verða vel menntar hjúkrunarkonur, Hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

### 2. gr.

Stjórnarnefnd ríkisspítalanna hefur á hendi fjárreiður skólans. Að öðru leyti annast stjórn skólans undir yfirstjórn ráðherra fimm manna skólanefnd. Í nefndinni eiga sæti: landlæknir, sem er formaður nefndarinnar, yfirhjúkrunarkona Landsspítalans og þrír aðrir, er ráðherra skipar, einn samkvæmt tillögu Félags íslenskra hjúkrunarkvenna, annan samkvæmt tillögu þeirra sjúkrahúsa, annarra en Landsspítalans, þar sem nemendur skólans eru að jafnaði vistaðir til verklegs náms, og hinn þriðja, er sé sérfróður um skóla- og uppeldismál.

### 3. gr.

Forstöðu skólans hefur á hendi sérmenntuð skólastýra, er ráðherra skipar samkvæmt tillögum skólanefndar. Laun hennar skal ákveða í launalögum. Aðalkennarar skólans, auk skólastýru, skulu vera yfirhjúkrunarkona og aðalaðstoðarlæknar Landsspítalans, og skulu stöður þessar skipaðar og launaðar með tilliti til þess.

Til aukakennslu ræður skólanefnd kennara eftir þörfum að fenginni heimild ráðherra til að greiða kennslukaupið.

### 4. gr.

Námstími skólans er þrjú ár, auk 8—12 vikna forskóla, og skal eigi síðar en að honum loknum skorið úr því, hvort nemandi teljist hæfur til að hefja hjúkrunarnám. Eigi síðar en eftir 6 mánaða reynslutíma skal skorið úr því af skólanefnd eftir tillögum skólastýru, hvort nemandi er hæfur til að halda námi áfram.

Námið er bæði bóklegt og verklegt. Bóklega námið fer fram í skólanum, en hið verklega í sambandi við hjúkrunarstörf á Landsspítalanum og öðrum sjúkrahúsum, þar sem nemendur verða vistaðir til starfa á vegum skólanefndar.

Að öðru leyti fer um inntökuskilyrði, almennar skólareglur, tilhögun kennslunnar, próf og einkunnir eftir ákvæðum í reglugerð skólans, er skólanefnd semur og ráðherra staðfestir.

### 5. gr.

Skólavistina skal veita nemendum ókeypis að forskólanámi loknu. Forskólanemendur greiði sérstakt skólagjald, er ráðherra ákveður eftir tillögum skólanefndar. Kaup fyrir hjúkrunarstörf í sambandi við námið skal ákveðið af skólanefnd, hlutaðeigandi sjúkrahúsum og félagi íslenskra hjúkrunarkvenna.

### 6. gr.

Í reglugerð skólans má setja reglur um allt að eins árs almennt framhaldsnám hjúkrunarkvenna, svo og 2—3 ára sérnám í ýmsum hjúkrunargreinum (geðveikrahjúkrun, barnahjúkrun, skurðstofuhjúkrun, röntgenstörf, heilsuvernd o. s. frv.), jafnframt því sem kveðið verður á um skilyrði fyrir viðurkenningu skólanefndar fyrir slíku almennu framhaldsnámi og sérnámi.

### 7. gr.

Í reglugerð skólans má ákveða, að skólinn haldi uppi sérnámskeiðum í hjúkrunarfræðum, þ. á m. fyrir ljósmæður, í því skyni að gera þær hæfar til að taka að sér heimahjúkrun í umdæmum sínum ásamt ljósmóðurstörfum.

### 8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og falla jafnframt úr gildi þau ákvæði laga nr. 13 23. júní 1932, um ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóla Íslands, er varða sérstaklega hjúkrunarkvennaskóla.